

Miðvikudaginn 28. febrúar 1990.

Nr. 483/1989. **Eiríkur Kristvinsson**

(Haraldur Blöndal hrl.)

gegn

Aðalbirni Pálssyni

(Gunnar Sólmes hrl.).

Skaðabótamál. Bifreiðar. Ábyrgð á dýrum.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson og Hrafn Bragason.

Freyr Ófeigsson, héraðsdómari á Akureyri, kvað upp hinn áfrýjaða dóm.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 15. desember 1989 að fengnu áfrýjunarleyfi 23. nóvember 1989. Krefst hann þess, að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og breytt á þá leið, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnda og honum dæmdur málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og að áfrýjandi verði dæmdur til greiðslu málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Með skírskotun til forsendna héraðsdóms þykir rétt að staðfesta hann.

Dæma ber áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, svo sem segir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Eiríkur Kristvinsson, greiði stefnda, Aðalbirni Pálssyni, 55.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Akureyrar 11. apríl 1989.

Mál þetta, sem dómtekið var 7. apríl sl., hefur Aðalbjörn Pálsson, kt. 130369-3839, Heiðarlundi 4 D, Akureyri, höfðað hér fyrir dómi með stefnu, útgefinni 6. apríl sl., á hendur Eiríki Kristvinssyni, kt. 170457-2779,

Norðurgötu 13, Akureyri, til greiðslu skaðabóta, að fjárhæð 67.392 kr., með 49,2% ársvöxtum frá 1.12.1987 til 1.1.1988, með 51,6% ársvöxtum frá þ. d. til 1.3. s. á., með 45,6% ársvöxtum frá þ. d. til 1.5. s. á., með 44,4% ársvöxtum frá þ. d. til 1.7. s. á., með 52,8% ársvöxtum frá þ. d. til 1.8. s. á., með 56,4% ársvöxtum frá þ. d. til 1.9. s. á., með 49,2% ársvöxtum frá þ. d. til 1.10. s. á., með 33,6% ársvöxtum frá þ. d. til 1.11. s. á., með 27,6% ársvöxtum frá þ. d. til 1.12. s. á., með 24% ársvöxtum frá þ. d. til 1.1.1989, með 21,6% ársvöxtum frá þ. d. til 1.3. s. á., með 24% ársvöxtum frá þ. d. til 1.4. s. á., með 33,6% ársvöxtum frá þ. d. til greiðsludags auk málskostnaðar að skaðlausu skv. mati dómsins. Jafnframt er þess krafist, að dráttarvextir leggist við tildæmdan málskostnað á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 12 mánuðum eftir upphafsdag vaxtanna. Þess er enn fremur krafist, að dæmt verði, að dráttarvextir leggist við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 28.10.1988, í samræmi við 12. gr. laga nr. 25/1987. Þá er Sjóvá-Almennum tryggingum hf., kt. 701288-1739, Suðurlandsbraut 4, Reykjavík, stefnt til réttargæslu í máli þessu, en engar kröfur eru gerðar á hendur réttargæslustefnda.

Stefndi gerir þær kröfur aðallega, að hann verði sýknaður af kröfum stefnanda, en til vara, að honum verði einungis gert að greiða hluta hinnar umstefndu fjárhæðar. Málskostnaðar er krafist úr hendi stefnanda að mati réttarins.

Af hálfu réttargæslustefnda eru engar kröfur gerðar.

Málsatvik eru þau, að hinn 28. október 1987 ók stefnandi bifreið sinni, A-1295, norður Glerárgötu á Akureyri á vinstri akrein, en annarri bifreið var ekið á hægri akrein, lítið eitt framar. Á móts við Fjólugötu, sem liggur þvert á Glerárgötu, hljóp hundur út á Glerárgötu fyrir framan bifreið þessa. Virtist ökumanni þeirrar bifreiðar hundurinn koma úr Fjólugötu, og kvað hann hundinn hafa verið 5-10 metra framan við bifreið hans. Hægði sá ökumaður á bifreið sinni, en í sömu andrá ók stefnandi bifreið sinni fram úr á vinstri akrein, og lenti hundurinn framan á bifreið hans með þeim afleiðingum, að bifreiðin skemmdist nokkuð. Hefur stefnandi höfðað mál þetta til heimtu bóta vegna skemmdanna, en í ljós kom við rannsókn, að stefndi var eigandi hundsins. Telur stefnandi stefnda bera skaðabótaábyrgð gagnvart sér skv. almennum reglum skaðabótaréttar, um að eigendur húsdýra beri skaðabótaábyrgð á því tjóni, sem dýrin kunni að valda. Samkvæmt reglugerð nr. 295/1987 um hundahald á Akureyri sé hundahald bannað í lögsagnarumdæmi Akureyrar. Stefndi hafi fengið undanþágu frá þessu banni með þeim skilmálum, sem tilgreindir séu í reglugerðinni, en samkv. h-lið 2. gr. reglugerðarinnar skuli hundur aldrei ganga laus á almannafæri, heldur vera í fylgd með manni, sem hafi fullt vald yfir honum. Stefndi hafi gefið skýrslu fyrir lögreglu, og þar komi fram, að

hundur hans hafi sloppið laus, og verði það rakið til gáleysis stefnda. Stefndi hafi ábyrgðartryggt hund sinn hjá Sjóvátryggingafélagi Íslands skv. ákvæði d-liðar 2. gr. áðurnefndrar reglugerðar, og sé því Sjóvá-Almennum tryggingum stefnt til réttargæslu í máli þessu, þar sem það félag hafi tekið við öllum réttindum og skyldum hins félagsins.

Byggir stefnandi kröfu sína á skoðunarvottorði Ara Baldurssonar bifvéla-virkja, sem skoðaði bifreið stefnanda þann 29. október 1987. Samkvæmt þeirri skoðun hafi tjón stefnanda verið metið á kr. 67.392, sem sé stefnu-fjárhæð málsins. Vaxtakröfu sína kveðst stefnandi byggja á 15. gr. vaxta-laga nr. 25/1987.

Rök stefnda til sýknu eru þau, að tjón stefnanda megi alfarið (sic) rekja til gálauss aksturs hans sjálfs, en jafnframt er á það bent, að stefnda verði ekki lagt til lasts, að hundur hans hljóp út á götuna í umrætt sinn, en stefnandi hafi ekki sýnt fram á nein þau atvik önnur, er felld geti bótaskyldu á stefnda. Er því mótmælt, að almennar skaðabótareglur eigi hér við, heldur eigi að beita 67. gr. þágildandi umferðarlaga, en hún leggi „objektíva“ ábyrgð á bifreiðaeigendur vegna tjóns, er bifreiðar þeirra valda, en fella megi niður bætur eða lækka þær, ef vitaverðu gáleysi sé um að kenna, en svo hafi ekki verið í umrætt sinn. Ef ekki verði fallist á sýknu, sé því haldið fram, að skipta beri sök.

Af gögnum málsins er fram komið, að téður hundur gekk laus í umrætt sinn allfjarri heimili eigandans, stefnda í máli þessu, en með því gerðist stefndi brotlegur við framangreinda samþykkt um hundahald á Akureyri. Verður stefndi því talinn bótaskyldur vegna þess tjóns, er stefnandi varð fyrir og hlaust af þessari lausagöngu hundsins. Ekki verður á það fallist með stefnda, að hin „objektíva“ bótaábyrgð 67. gr. þágildandi umferðarlaga firri stefnda bótaskyldu í máli þessu. Fullyrðing stefnda um, að tjónið verði rakið til gálauss aksturs stefnanda sjálfs, hefur ekki verið studd neinum gögnum í málinu. Verður því eigi á það fallist, að skipta beri sök.

Samkvæmt framansögðu verður stefndi dæmdur til að greiða stefnanda tjón hans með kr. 67.392, eins og krafist er, en ekki er ágreiningur um þá fjárhæð.

Stefndi hefur mótmælt vaxtakröfu stefnanda, bæði hvað varðar vaxtafót og upphafstíma vaxta. Þá hefur hann mótmælt því, að vextir leggist við höfuðstól.

Af gögnum málsins verður ráðið, að 29. október 1987 hafi stefnandi lagt fram nægjanlegar upplýsingar til stuðnings kröfu sinni skv. 15. gr. laga nr. 25/1987. Þykir því upphafstími vaxta, 1. desember 1987, í kröfum stefnanda hæfilega ákveðinn. Þar sem vaxtakrafa stefnanda er að öðru leyti í samræmi við framangreind lög, verður hún tekin til greina að fullu að

öðru leyti en því, að leggja ber vexti við höfuðstól á 12 mán. fresti frá upphafsdegi vaxta.

Eftir þessum úrslitum verður stefndi dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað, sem telst hæfilega ákveðinn kr. 46.000, ásamt vöxtum, eins og krafist er.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Eiríkur Kristvinsson, greiði stefnanda, Aðalbirni Pálssyni, kr. 67.392 ásamt 49,2% ársvöxtum frá 1. des. 1987 til 1. jan. 1988, 51,6% ársvöxtum frá þ. d. til 1. mars s. á., 45,6% ársvöxtum frá þ. d. til 1. maí s. á., 44,4% ársvöxtum frá þ. d. til 1. júlí s. á., 52,8% ársvöxtum frá þ. d. til 1. ágúst s. á., 56,4% ársvöxtum frá þ. d. til 1. sept. s. á., 49,2% ársvöxtum frá þ. d. til 1. okt. s. á., 33,6% ársvöxtum frá þ. d. til 1. nóv. s. á., 27,6% ársvöxtum frá þ. d. til 1. des. s. á., 24% ársvöxtum frá þ. d. til 1. jan. 1989, 21,6% ársvöxtum frá þ. d. til 1. mars s. á., 24% ársvöxtum frá þ. d. til 1. apríl s. á. og 33,6% ársvöxtum frá þ. d. til greiðsludags, og leggist vextir við höfuðstól á 12 mánaða fresti frá upphafsdegi vaxta, og kr. 46.000 í málskostnað ásamt vöxtum, eins og að framan greinir, frá 15. degi eftir dómsuppsögu, sem leggist við höfuðstól málskostnaðar á 12 mánaða fresti frá upphafsdegi vaxta, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.
